Fyrir ritstjórn á deildinni B getið þér látið viðkomanda fá 10 rd. fyrir örkina alt að 150 rd. um árið, og í þóknun fyrir útbýtingu tíðindanna og fyrir fjárheimtu og reikningsstörf 50 rd. um árið, og getið þér þar hjá varið alt að 150 rd. um árið til borgunar fyrir að semja landshagsskýrslurnar, og má greiða öll þessi útgjöld og það, sem annars með þarf til prentunar, pappírs og póstsendinga — og hafa þessi gjöld verið reiknuð eptir áætlun þeirri, er þér höfðuð gjört í framannefndu bréfi Yðar — en að frádregnu gjaldi frá kaupöndum, úr jarðabókarsjóði Íslands, þannig að viðkomandi upphæð fyrir nú yfirstandandi ár, samkvæmt framannefndum úrskurði hans hátignar, verði færð til útgjalda í 6. grein áætlunarinnar.

2 10da ágúst

Konungsbréf.

Vèr viljum, áðr en Vèr förum frá landi voru Íslandi, eptir þessa dvöl Vora, er hefir verið Oss svo dýrmæt, ráðstafa fjárupphæð, er nemr 4000 rd., til þess, að af fè þessu verði stofnaðr sjóðr, og skal vöxtum hans varið til tveggja árlegra heiðrsgjafa handa þeim meðal íbúa landsins, er í jarðyrkju, hestarækt, iðnaði, fiskiveiðum, sjóferðum eðr verslun hafa sýnt hina mestu og merkilegustu framtakssemi til að auka og bæta atvinnuvegi þessa, sem eru svo áríðandi fyrir landið.

Því viljum vèr hèr með hafa afhent Þèr, Oss elskulegum, Vorum landshöfðingja yfir Íslandi, upphæð þá, er nefnd var, til þess að hún verði látin ávaxtast að Þinni ráðstöfun, og skal þèr falið að gjöra nánari tillögu um reglugjörð fyrir gjafafè þessu.

Vèr felum þig Guði!

Gefið í Reykjavík hinn 10. dag ágústmánaðar 1874.

Christian R.

Til

vors elskulega landshöfðingja yfir Íslandi Hilmars Finsens kommandörs af dannebrogen og dbrm.

3 22an júní.

Reglur

fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavík.

1. gr.

Fanginn skal, eptir undirbúningsdvöl á móttökustofunni, þar sem hann fær þær ákvarðanir að vita, sem fyrir stofnunina gilda, og þar sem hann verðr færðr í ákveðinn fangabúning, taka út ídæmda hegningu, annaðhvort í einverufangelsi, eðr þannig, að hann á daginn vinni í samveru við aðra, en sè á nóttunni eptir aðalreglunni í einbýsi.

Á móttökustofunni skal rannsaka hvern fanga, og skal hann þá afhenda umsjónarmanni undantekningarlaust alt, sem hann hefir meðferðis til stofnunarinnar.

2. gr.

Skyldur fanga eru yfir höfuð þessar:

1. Fyrirskipaða húshætti skal hann í einu og sèrhverju halda og samstundis gegna bendingum þeim, er honum verða gjörðar.
2. Hann skal sýna öllum yfirboðurum sínum virðingu og skilyrðislausa hlýðni.
3. Hann skal með þögn, guðrækni og eptirtekt hlýða á helgar tíðir og húsvitjanir sálusorgarans.
4. Það, sem honum er fyrir sett að vinna, skal hann gjöra með iðni og alúð. Um vinnutímann má hann aldrei vera iðjulaus.
5. Meðfanga sína skal hann umgangast með velvilja og friðsemi. Taki hann hegning-